

Fundargerð

3. fundur stjórnar Bergrisans bs. – þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Fundarstaður : Ráðhús Árborgar

Fundartími : mánudagur 24. september 2018 kl. 13:00

Mættir : Stjórnarmennirnir Aldís Hafsteinsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir og Gísli Halldór Halldórsson. Auk þeirra sátu fundinn Guðlaug Jóna Hilmarisdóttir, Helga Lind Pálsdóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir og María Kristjánsdóttir. Gestir undir 1. lið fundarins Hermann Sæmundsson og Guðni Geir Einarsson

Ritari fundarins : Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.

Málefni til umfjöllunar :

1. Sólheimar – tillaga Hermanns Sæmundssonar

Hermann Sæmundsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Guðni Geir Einarsson frá Jöfnunarsjóði mættu til fundarins og kynntu hugmyndir að samningum sem tryggja gætu framtíð Sólheima.

Stjórnin er sammála um að hefja viðræður við fulltrúa ráðuneytis á grundvelli hugmynda sem reifaðar voru á fundinum, þó þannig að tekið verði tillit til þess kostnaðar sem fallið hefur á sveitarfélög á Suðurlandi vegna sérstakra landsdekkandi úrræða, á borð við Sólheima, og sem gæti með sama hætti fallið til á grundvelli nýs samnings.

2. Kaup á Vallholti 27

Samþykkt hefur verið að kaupa húsnæðið Vallholti 27 fyrir 48 milljónir króna á grundvelli samþykpta aðildarsveitarfélaga frá í sumar. Formanni falið að kanna mögulega lánsfjármögnun og styrk Jöfnunarsjóðs til kaupanna.

3. Flutningur einstaklings frá Vestmannaeyjum

Stjórn Bergrisans samþykkir að greitt verði samkvæmt SIS mati líkt og gert er í tilsvarende aðstæðum á þjónustusvæðinu. Jafnframt óskar stjórnin eftir endurmati á SIS matinu fari fram nú þegar.

4. Kerlingadalur

Stjórn óskar eftir fundi með Láru V. Júlíusdóttur vegna Kerlingadals um fjárhagslegt uppgjör vegna lokunar Kerlingadals.

5. Fjárhagsáætlun

Tillögur að fjárhagsáætlun verða sendar stjórnarmönnum fyrir næsta fund Bergrisans sem haldinn verður fljótlega.

Fundi slitið kl. 15.30

Aldís Hafsteinsdóttir (sign)

Gísli Halldór Halldórsson (sign)

Sandra Brá Jóhannsdóttir (sign)